

Opið leiksvæði milli Reynigrundar og Birkigrundar



Þann 24. mars 2022 var lögð fram og kynnt í bæjarráði aðgerðaáætlun um leik- og afþreyingarsvæði í Kópavogi (mál 2011715), sjá meðfylgjandi skýrslu, og samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 12. apríl 2022. Drög voru lögð fyrir bæjarráð í nóvember 2021 og á mánuðunum þar á eftir voru þau kynnt og afgreidd í fjölmörgum ráðum og nefndum bæjarins. Tilgangi aðgerðaáætlunarinnar er lýst í inngangi:

„Tilgangur þessarar greinargerðar er margþættur, s.s.:

1. Samantekt á núverandi og fyrirhuguðum leik- og afþreyingar-svæðum í Kópavogi, nokkuð sem hingað til hefur ekki verið tiltækt eða aðgengilegt í þessari mynd.
2. Ástandsmat með tilliti til aðkallandi endurnýjunar og tillögur um forgangsörðun þar um.
3. Tillögugerð um ný leik- og afþreyingar- svæði, þó slíkt sé ekki tæmandi.
4. Tillögugerð um að leggja af nokkur leiksvæði og hætta við gerð sumra sem eru ógerð.
5. Tillögugerð um forgangsörðun þeirra leik- og afþreyingarsvæða sem eru ógerð.
6. Þessi greinargerð er í raun aðgerðaáætlun í þessum efnum og er ætlað að stuðla að markvissum vinnubrögðum og bættri nýtingu fjármuna.“

Leiksvæðið milli Reynigrundar er eitt þeirra 8 svæða sem gerð var tillaga um að leggja niður. Leiksvæðið var gert árið 2002 og leiktækin þar voru því komin til ára sinna og þörfuðust endurnýjunar. Einnig hefði öryggissvæði þurft að vera stærri og lýsing mætti vera betri á svæðinu. Það var þó ekki fyrst og fremst kostnaðurinn við endurnýjun sem réð tillögugerðinni, heldur nálægð við stórt leiksvæði neðan Reynigrundar en aðeins er um 150 metra loftlína milli þessara tveggja leiksvæða. Hér er umfjöllun úr áætluninni um þetta svæði og önnur í nágrenninu:

(1415) Leiksvæði í Fossvogsmýri, neðan Reynigrundar

Fossvogsmýri er gamalt nafn á Fossvogsdal. Lagt er til að það verði nýtt um þann hluta útivistarsvæðisins sem er milli Fagralundar og Hermannsskógar. Þarna var áður gæsluvöllurinn Snælandsvöllur sem var aflagður um aldamótin og gerður að opnu leiksvæði. Árið 2017 var svæðið tekið í gegn þegar hluti leiktækja var endurnýjaður, sett upp 50 m löng aparóla (hlaupaköttur), hreystitæki og grillaðstaða, allt kosið inn í Okkar Kópavogur I. í OK III. var aftur kosið inn að setja þarna ærslabelg og fjölga leiktækjum enn frekar og var það framkvæmt árið 2021.

Staðurinn er þegar orðið aðal leiksvæðið á norðanverðu Digranesi. Í nágrenninu er frísbíggjvöllur, reyndar að hálfu leyti í Reykjavík, grasflatar þar sem sett eru fótboltamörk á sumrin, útikennslusvæði með eldstæði og bekkjum, skólagarðar/garðlönd og „andapollar“ svo eitthvað sé nefnt. Við svæðið er einnig svo til ónýt karfa sem upplagt væri að endurnýja.

**(1416) Leiksvæði við Reynigrund - aflagt**

Leiksvæðið samanstendur af rólu, vegasalti og gormatæki á malarundirlagi og var gert um 2002, allt komið til ára sinna. Gerð er tillaga um að svæðið verði ekki endurnýjað heldur aflagt, þar sem mjög stutt er í leiksvæðið í Fossvogsmýri.

**(1510) Leiksvæði við Daltún**

Um er að ræða mjög lítið svæði sem var lagfært 2004. Árið 2020 var malarundirlagi skipt þar út fyrir gúmmihellur.

**(1511) Leiksvæði norðan Álfatúns - ógert**

Gerð er tillaga um að gert verði miðlungsstórt leiksvæði í Fossvogsdal norðan við Álfatún. Þetta er á þeim slóðum sem fyrirhugað er að ný sundlaug risi og gæti leiksvæðið verið hluti af þeirri framkvæmd og frágangi umhverfis.



Eins og fyrr sagði fóru drögin fyrir ráð og nefndir og voru þar ýmist samþykkt eða ekki gerðar athugasemdir við þau. Bókanir er að finna í viðauka 2. á bls. 83-84 í aðgerðaáætlun um leik- og afþreyingarsvæði í Kópavogi.

Það er tiltölulega einfalt og ekki stórkostnaður sem felst í því að endurnýja svæði og hægt að gera það innan ramma fjárhagsáætlunar, en það er ekki í samræmi við nýlega samþykktu aðgerðaáætlun um leik- og afþreyingarsvæði í Kópavogi. Hana má þó auðvitað alltaf endurskoða.